HÁSKÓLI ÍSLANDS
SIÐFRÆÐISTOFNUN

5. maí 2020

Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8–10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum, nr. 140/2012, með síðari tíma breytingum (réttarstaða þriðja aðila).

Siðfræðistofnun hefur borist til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á upplýsingalögum. Frumvarpinu er ætlað að bæta og skýra réttarstöðu þriðju aðila, þ.e. þeirra sem eiga hagsmuna að gæta af því að aðgangur að tilteknum upplýsingum verði veittur eða takmarkaður. Með því er opinberum aðilum gert skylt að leita eftir afstöðu þriðja aðila til birtingar upplýsinga (sé það ekki bersýnilega óþarft). Þá er úrskurðarnefnd um upplýsingamál gert að senda þriðja aðila afrit af úrskurði um afhendingu upplýsinga auk þess sem þriðja aðila er veittur réttur til þess að krefjast frestunar réttaráhrifa úrskurðar.

Eðli málsins samkvæmt togast hér á mikilvægir hagsmunir og gild sjónarmið. Annars vegar upplýsingaréttur almennings og hins vegar eðlileg krafa um sanngjarna vernd einkahagsmuna.

Verði frumvarpið að lögum má ætla að breytingin verði til þess að þyngja afgreiðslu beiðna um aðgang að upplýsingum og lengja málsmeðferðartíma. Hún mun því þrengja aðgang almennings að upplýsingum og getu fjölmiðla til þess að veita stjórnvöldum aðhald. Að þessu leyti vinnur frumvarpið gegn markmiði nýsamþykktra laga um um útvíkkun gildissviðs upplýsingalaga (lög nr. 72 2019), sem m.a. miða að því að styrkja upplýsingarétt almennings og stytta málsmeðferðartíma.

Í umsögn Siðfræðistofnunar um frumvarp til áðurnefndra laga (149. Löggjafarþing 2018-2019, þingskjal 1240 – 780. mál) er bent á að með lögunum væru aðeins stigin varfærin skref að styttingu málsmeðferðartíma í samanburði við reglur sem gilda á öðrum Norðurlöndum og tekið fram að hægt hefði verið að setja metnaðarfyllri markmið. Þá hefur komi fram af hálfu Forsætisráðuneytisins að æskilegt væri að málsmeðferðartími sé mun styttri en nýju lögin heimila. Hætt er við að með því frumvarpi sem hér er til umsagnar verði aftur stigið skref til baka.

HÁSKÓLI ÍSLANDS
SIÐFRÆÐISTOFNUN

Siðfræðistofnun telur mikilvægt að löggjafinn tryggi með afgerandi hætti að bætt og skýrari réttarstaða þriðju aðila verði ekki til þess að málsmeðferðartími úrskurðarnefndar um upplýsingamál lengist og að afgreiðsla beiðna um upplýsingar á grundvelli upplýsingaréttar almennings tefjist ekki á ómálefnalegum forsendum. Eins og frumvarpið er úr garði gert er það ekki tryggt.

Fyrir hönd Siðfræðistofnunar,

Virðingarfyllst,

Páll Rafnar Þorsteinsson,
verkefnastjóri